

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 11. mars 2015
UST201502-640/B.S.

Efni: Rannsóknarleyfi – Austurgilsvirkjun. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.


Hér er sótt um rannsóknarleyfi til 5 ára sem heimilar m.a. kjarnaborun og sýnatöku sem hvort tveggja verður framkvæmt með stórvirkum vinnuvélum. Að líkindum þarf að ráðast í gerð vegslóða til að koma tækjum að framkvæmdasvæðum og mögulegum efnistökuöðum.

Umhverfisstofnun vill benda á að fyrirhugað rannsóknarsvæði er að mestu leyti óraskað að undanskildum ummerkjum um hefðbundna landnotkun. Stofnunin telur brýnt að á rannsóknartíma verði jarðraski haldi í lágmarki þannig að ekki verði eftir á svæðinu varanleg ummerki ef ekki verður af fyrirhugaðri virkjun.

Til að draga úr jarðraski og hlífa landi eins og kostur er leggur Umhverfisstofnun til að rannsóknarleyfi verði tvískipt. Á fyrri hluta rannsóknartímans verði einungis heimilaðar rannsóknir sem ekki fela í sér jarðrask. Að þessum rannsóknum loknum verði lögð fram ítarleg áætlun um lagningu vegslóða og staðsetningar mannvirkja og efnistökusvæða þar sem nauðsynlegt verður að nota stórvirkar vinnuvélar til rannsókna og sýnatöku.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsóttir
Sviðsstjóri